

INNLEIÐING K-PALS FYRIR LEIKSKÓLA

September
2019

Styrkþegi Urriðaholtsskóli
Ábyrgðamaður verkefnis: Una Guðrún Einarsdóttir

MARKMIÐ VERKEFNIS SAMKVÆMT UMSÓKN

- Markmið verkefnisins var að þjálfa hljóðkerfis og hljóðavitund sem og stafa og hljóðabekkingu leikskólabarna til að byggja upp sterkar stoðir undir lestrar og stærðfræðinám.
- Þá var markmiðið að byggja upp sterkar undirstöður í stærðfræði með því að byggja upp talnaskilning og þekkingu á stærðfræðihugtökum.

LEIÐIR SEM VORU FARNAR TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM

Á skipulagsdegi í september 2018 var haldið námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólastigs Urriðaholtsskóla og var öðrum leikskólum í Garðabæ boðin þátttaka í því námskeiði. Um var að ræða ó klukkustunda námskeið þar sem farið var í rannsóknarbakgrunn aðferðarinnar. Þá var kennsluáðferðin kennd og kennarar látnir æfa sig í kennslunni í hlutverki kennara sem og í hlutverkum barna. Eftir námskeiðið var Hljóm 2 lagt fyrir öll fimm ára börn á Klifi sem var heimasvæði fjögurra og fimm ára barna. Niðurstöður voru notaðar til að skipta börnum upp í teymi þar sem aðferðin gengur út á félagakennslu. Mikilvægt er að teymin samstandi af tveimur börnum þar sem annað barnið er getumeira en hitt en gæta þarf að því að bilið á milli þeirra sé ekki mikið en nóg til þess að annað barnið geti stutt við hitt og verið fyrirmynd. Umfang verkefnisins var töluvert í fyrstu á meðan starfsfólk heimasvæðisins náði tókum á framkvæmdinni. Börnunum var kennt með kennsluefni K-Pals fjórum sinnum í viku allan veturinn þar sem lögð er áhersla á hljóðkerfis og hljóðavitund sem og hljóðabekkingu barnanna samkvæmt kennsluefninu. Þrír kennarar voru að jafnaði með hópnum til að styðja við þau þegar paralesturinn fór fram en einnig til þess að leiða æfingar í hljóðkerfisvitund. Hljóm 2 var síðan aftur metið í maí 2019 og niðurstöður beggja prófa borin saman. Greina mátti af niðurstöðunum framfarir hjá börnunum í prófunarþáttum en skoðað er færni í rími, samstöfur, hljóðagreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðatenging. Þá vakti sérstaka athygli miklar framfarir barna sem voru með mjög slaka færni að hausti sem voru komin með meðal eða góða færni að vori.

HINDRANIR OG FRÁVIK FRÁ UPPHAFLEGRI ÁÆTLUN

Upphaflega var lagt upp með það að hljóða og stafabekking barnanna yrði mæld mjög reglulega yfir veturinn en ekki gafst tækifæri til þess vegna anna sem sneru að því að um fyrsta vetur Urriðaholtsskóla var að ræða og mikið skipulagsstarf lá fyrir sem og þjálfun nýs og ört stækkandi starfsmannahóps. Aftur á móti kallar kennsla í K-pals á það að kennari hleypi börnum ekki áfram í námsefni nema tryggt sé að þau séu búin að tileinka sér þá færni sem unnið er að í hverju verkefni fyrir sig. Það var því lögð áhersla á að kennari hlustaði og staðfesti að barn væri með örugga færni áður en það færði sig yfir á næsta

Innleiðing K-pals fyrir leikskóla

verkefni. Niðurstöður Hljóm2 mælinga leiddu aftur eins og áður segir í ljós mjög góðar framfarir sérstaklega hjá börnum með slaka færni í upphafi verkefnisins.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að nýta kennsluáðferðina einnig í stærðfræði. Ekki tókst að hefja þá vinnu á síðasta starfsári en það markmið liggur nú til grundvallar haustið 2019 og mun sterkur grunnur sem lagður var með þessu verkefni í lestri nýtast í áframhaldandi vinnu í lestri sem og í stærðfræði.

Þá var leitast við að búa til samstarf á milli leikskóla í Garðabæ um verkefnið og þáðu flestir skólar í sveitarfélaginu að senda fulltrúa á námskeið sem haldið var í Urriðaholtsskóla við upphaf verkefnisins en ekki hefur verið formlega gengið frá samstarfi við neinn skóla.

MAT Á VERKEFNI

Framkvæmd verkefnisins gekk vel og byggð var upp góð þekking í skólanum á aðferðafræði K-pals. Kennarar voru almennt ánægðir með aðferðina og börnunum fannst gaman í K-pals tímum. Niðurstöður Hljóm 2 fyrir og eftir verkefnið benda til þess að verkefnið hafi verið árangursríkt fyrir börnin og styrkt undirstöður þeirra til áframhaldandi lestrarnáms. Ekki er unnt að birta niðurstöður Hljóm 2 í þessari skýrslu vegna þess að um viðkvæm persónugreinanleg gögn er að ræða í einhverjum tilfellum.

RÁÐSTÖFUN STYRKS

Heildarupphæð styrks	150.000 krónur
Aðkeypt námskeið	110.000 krónur
Kennslugögn	40.000 krónur

AFRAKSTUR, ÁVINNINGUR FYRIR SKÓLASTARF OG KYNNING

Ávinningur þess að innleiða K-pals verkefnið í Urriðaholtsskóla er mikill. Helst ber að nefna að árangur þeirra barna sem þegar hafa fengið kennsluna er góður og afar hvetjandi fyrir starfsfólk skólans að sjá að þekking og verkferill er komin til að bregðast við ef um vanda er að ræða hjá börnum og styrkja stöðu þeirra í lestri heilt yfir. Þá er mikilvægt að nefna að kennarar elstu barna á leikskólastigi hafa nú aðgengi að gagnreyndri aðferð til þess að stuðla að sterkum undirstöðum hjá börnum hvað varðar hlóðkerfis og hljóðavitund. Slök hljóðkerfisvitund hefur forspárgildi fyrir lestrarerfiðleika síðar og því mikilvægt að meta og bregðast við með íhlutun sem er árangursrík. Það er mikilvægt að í skólanum séu verkfæri og verkferlar sem starfsfólk getur stutt sig við óháð því hvaða bakgrunn og menntun viðkomandi hefur, það eykur gæði kennslunnar og styður við starfsfólk í kennslu. Þá var starfsfólk almennt ánægt með námskeiðið og aðferðina. Urriðaholtsskóli mun

vinna áfram með K-pals og byggja enn frekar á þeirri þekkingu sem þetta verkefni hefur fært okkur.
Verkefnið verður kynnt með veggspjaldi á Menntadegi í Garðabæ í október næstkomandi.